



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 13.12.2013
Tilvísun: 201312-0011

Efni: Þingsályktun um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, 20 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Palestínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalyðsfélaga (ITUC) fyrir réttindum palestínsks verkafólks og andstöðu við hið ólögsmæta hernám. Eitt þeirra verkfæra sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumín hafa verið í andstöðu við alþjóðalög. ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verð sérstaklega merkt hvort hún er framleidd á hernumdum svæðum Palestínu eður ei. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu og EFTA á grundvelli bráðabirgðasamnings þar um frá 1.7 1999.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.